

Skilmálar söfnunarlíftryggingar

1.gr. Skilgreiningar

| | |
|---------------------|--|
| Félagið | OKKAR líftryggingar hf. |
| Söfnunarleiðir | Val tryggingartaka á sjóðum félagsins. |
| Vátryggingarfjárhæð | Inneign að viðbættu 1% |
| Verðgildi einingar | Heildarverðmæti sjóðsins deilt með fjölda eininga. |
| Samningstími | Er tímabilið frá útgáfudegi skirteinis til loka samnings. |
| Inneign | Heildarverðmæti eininga. |
| Vátryggður | Sá sem er tryggður. |
| Vátryggingartaki | Sá sem gert hefur samning við félagið og er greiðandi. |
| Frítrygging | Ef vátryggingartaki hættir með reglulegan sparnað, þá eru seldar einingar til að viðhalda tryggingunni þar til einingar eru uppnar, en þá fellur tryggingin niður. |
| Kaupdagur | Sá dagur sem keyptar eru einingar eftir að innborgun berst félaginu. |
| Kaupgengi | Félagið kaupir einingar af vátryggingartaka við innlausn á kaupgengi. |
| Sölugengi | Félagið selur vátryggingartaka einingar við innborgun á sölugengi. |

2.gr. Almenn ákvæði

Um vátryggingu þessa gilda eftirfarandi vátryggingarskilmálar, ákvæði sem skráð eru á skirteinið og lög nr. 20/1954 um vátryggingarsamninga auk laga nr. 60/1994 um vátryggingastarfsemi. Einnig geta átt við lög um opinber gjöld og skattlagningu.

Undirrituð umsókn um vátryggingu þessa og önnur gögn sem tengjast töku hennar eða endurnýjun eru hluti vátryggingarsamningsins.

3.gr. Gildistaka

Sé ekki samið sérstaklega um gildistöku vátryggingarinnar tekur hún gildi þegar félagið hefur samþykkt útfyllta og undirritaða umsókn með öðrum nauðsynlegum upplýsingum og vottorðum.

4.gr. Fjárfestingaráhætta

Söfnunartrygging þessi er einingatengd trygging þar sem vátryggingartaki tekur að öllu leyti eigin áhættu á söfnunarleið sinni og gefur félagið engin loforð um ávöxtun söfnunarinnar.

5.gr. Endurkaupsverð og frítrygging

Vátryggingartaki sem hættir innborgun á samningstímanum, hefur rétt á að fá greidda inneign sína (endurkaupsverð) og/eða rétt á að breyta í frítryggingu.

6.gr. Iðgjaldagreiðslur

Iðgjöld tryggingarinnar greiðast með reglubundnum hætti á samningstímanum eins og um er getið í tryggingarskirteininu. Iðgjöld skulu greiðast með þeim hætti sem umsókn kveður á um, nema samið sé um annað fyrirkomulag síðar.

Fyrsta iðgjald fellur í gjalddaga þann dag, sem vátryggingarskirteinið er gefið út. Síðari iðgjöld falla í gjalddaga á þeim dögum sem skirteinið tilgreinir. Berist iðgjaldsgreiðsla ekki innan 15 daga frá gjalddaga gilda eftirfarandi ákvæði:

- Ef enginn sparnaður hefur myndast er ábyrgð félagsins engin.
- Ef sparnaður hefur myndast breytist tryggingin í frítryggingu skv. skilgreiningu í 1. grein

Samningur um trygginguna tekur gildi að nýju þegar iðgjald hefur verið greitt, enda sé vátryggður þá á lífi og ekki líðnir þrjú mánuðir frá fyrsta ógreidda gjalddaga.

7.gr. Ráðstöfun iðgjalda

Við útgáfu skirteinis ákveður vátryggður söfnunarleið sína og hvernig iðgjaldi að frádregnum kostnaði skv. gjaldskrá er skipt milli Certus sjóða, sem fram koma á umsókn.

Félagið selur vátryggingartaka einingar þegar innborgun berst félaginu.

8.gr. Breytingar á samningi

- Vátryggður getur hækkað innborganir á samningstímanum
- Vátryggður getur lækkað innborganir á samningstímanum.
- Vátryggður getur breytt um innborgunarsjóð.
- Vátryggður getur breytt skiptingu innborgunar milli sjóða.
- Vátryggður getur fært einingar milli sjóða.
- Vátryggður getur óskað eftir því að greiða ekki iðgjöld í eitt tímabil að hámarki 6 mánuði á hverjum fimm árum frá upphafsdegi samningsins.

Breytingar á samningi eru skv. gjaldskrá á hverjum tíma og taka gildi á næsta kaupdegi eftir að umsókn um breytingu hefur borist félaginu.

9.gr. Útborgun vátryggingarfjárhæðar

- Vátryggður getur innleyst 1/3 af virði þeirra réttinda sem söfnunartryggingin veitir, einu sinni á hverjum fimm árum frá upphafsdegi samningsins.
- Við lok upphaflegs samningstíma vátryggingarinnar er inneign laus til útborgunar. Vátryggður getur frestað innlausn og haldið áfram greiðslu iðgjalda.
- Látist vátryggður greiðist vátryggingarfjárhæðin og vátryggingin fellur úr gildi.

10.gr. Verðtryggingarákvæði

Iðgjaldið fylgir vitistölum neysluverðs og breytist á aðalgjaldddaga í janúar ár hvert.

11.gr. Veðsetning

Heimilt er að veðsetja söfnunartryggingu þessa að undangenginni skráningu hjá félaginu.

Til upplýsingar

Vátryggður getur, að loknum upphafstíma, sagt tryggingunni upp skriflega mánuði fyrir aðalgjaldddaga.

Vátryggður hefur 30 daga frest til að segja tryggingunni upp eftir að hún tók gildi.

Eftirtaldir aðilar hafa með höndum þjónustu vegna kvörtunar- eða ágreiningsmála, er rísa kunna af vátryggingu þessari: Tjónanefnd vátryggingarfélaganna og Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum. Þjónusta þessara aðila eða málskot til þeirra skerðir að engu leyti rétt hlutaðeigandi til að leggja málið fyrir almenna dómstóla hér á landi. Nánari upplýsingar veitir starfsfólk félagsins.

Skilmálar nr. CS110

Gilda frá og með 01.08.2000

Samskonar skilmálum CERT1000